

Minnisblað sveitarstjóra v/ársreiknings 2024

Kynnt á 255. fundi sveitarstjórnar við seinni umræðu 10. apríl 2025

Á 254. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar, sem haldinn var þann 25. mars sl., var ársreikningur vegna ársins 2024 tekinn til fyrri umræðu og eftirfarandi bókað:

„Rekstrartekjur Dalabyggðar á árinu 2024 námu 1.204 millj.kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.140 millj.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% í A-flokk en lögbundið hámark þess flokks er 0,625%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,50% en lögbundið hámark þess flokks er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 46 millj.kr., rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 2 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2024 nam 1.060 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 924 millj.kr.“

Ekki hafa neinar breytingar orðið á ársreikningnum á milli umræðna.

Ársreikningur Dalabyggðar 2024 var samþykktur við seinni umræðu á 255. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var fimmtudaginn 10. apríl 2025.

Það má segja að niðurstaða ársreiknings Dalabyggðar fyrir árið 2024 sé viðunandi m.v. aðstæður. Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um sem nemur 2,4 millj.kr. á móti áætluðu tapi upp á 2,7 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um sem nemur 46,4 millj.kr. en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 37,2 millj.kr. og er því niðurstaðan 24,7% yfir áætlun. Breyting rauntalna í rekstrarniðurstöðu A og B hluta á milli áranna 2023 og 2024 er neikvæð um 60,0 millj.kr. en var jákvæð um 120 millj.kr. á milli áranna 2022 til 2023.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2024 nam 1.060,0 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé A hluta nam 924,0 millj.kr. Rekstrartekjur Dalabyggðar á árinu 2024 námu 1.204 millj.kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.140 millj.kr.

Laun samtals í A og B hluta á árinu 2024 voru 514,5 millj.kr. á móti áætlun með viðaukum upp á 531,9 millj.kr. eða 3,3% undir áætlun. Launahlutfall á árinu 2024 var 45,1%. Heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2024 var 56 á móti 72 í árslok 2023. Rétt er að nefna að HVE tók yfir rekstur Silfurtúns þann 1. janúar 2024 og þar með fækkaði starfsfólki Dalabyggðar sem því nam. Lífeyrisskuldbinding hækkaði um 15,2 millj.kr. milli ára en gert var ráð fyrir 11,7 millj.kr. hækkun og hefur það áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, líkt og síendurteknar breytingar á þessum lið hafa gert undanfarin ár.


Annar rekstrarkostnaður í A og B hluta var 580,2 millj.kr. á árinu 2024 á móti áætlun með viðaukum upp á 512,7 millj.kr. eða 31,2% yfir áætlun. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar er 49,8% á árinu 2024.

Afskriftir í A og B hluta á árinu 2024 voru samtals 38,9 millj.kr. Fjármagnsgjöld í A og B hluta voru samtals 9,6 millj.kr. á árinu 2024.

Skuldahlutfall A og B hluta var 84% í árslok 2024 og skuldaviðmið var 35,1% og hefur það hækkað á milli ára nú þegar framkvæmdir við íþróttamannvirki eru farnar af stað. Ljóst er að áhrif þeirrar framkvæmdar á skuldahlutfall Dalabyggðar og skuldaviðmið eru og verða veruleg en hvorki skuldaviðmið né skuldahlutfall fara upp fyrir gildandi hámark sem er 150% á framkvæmdatíma. Pungi afborgana vegna eldri langtímaskulda hefur breyst og gaf sú staðreynd Dalabyggð aukið svigrúm til fjárfestinga þegar undirbúningur framkvæmda við íþróttamannvirki var í gangi.

Hér má sjá myndrænt áætlun varðandi þróun skuldaviðmiðs þegar lántaka vegna framkvæmda við íþróttamannvirki kemur til:

Skuldaviðmið




Áætlaðar afborganir vegna A- og B-hluta m.v. núverandi stöðu lánasafns Dalabyggðar eru eftirfarandi á næstu árum (áætluð lántaka vegna íþróttamannvirkja kominn inn):

Afborganir af skuldum við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2025.....	29.155	39.936
Árið 2026.....	27.870	36.668
Árið 2027.....	27.870	36.282
Árið 2028.....	27.870	35.900
Árið 2029.....	27.870	36.061
Síðar	314.507	359.027
Skuldir við lánastofnanir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	455.141	543.873

Framlegðarhlutfall sem er mælikvarði sem horft er til í æ ríkara mæli lítur svona út skv. tölugögnum frá endurskoðanda:

Framlegðarhlutfall



Rekstur A hluta samstæðu Dalabyggðar byggir á traustum grunni eins og hann er í dag þó viðkvæmur sé og þolmörk ekki mikil gagnvart óvæntum útgjöldum. Brugðist hefur verið við af festu gagnvart þeim þáttum sem nefndir voru við afgreiðslu ársreiknings Dalabyggðar á fyrsta ári yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar árið 2022 hvað varðar B hluta stofnanir og má þar helst nefna rekstur Silfurtúns, Dalaveitna (ljósleiðarahluta) og félagslegs húsnæðis. Með þeim aðgerðum sem farið var í tókst að stöðva „blæðingu“ úr sjóðum Dalabyggðar um sem nemur allt að 45 millj.kr. árlega og treystu þessar aðgerðir rekstrargrundvöll sveitarsjóðs Dalabyggðar til framtíðar sem því nemur. Einnig er það fagnaðarefni að ríkisvaldið hefur loks samþykkt að taka yfir málefni barna með sértækan vanda 1. júní 2025. Til viðbótar er rétt að nefna að létt hefur verið á eignasafni sveitarfélagsins á yfirstandandi kjörtímabili.

Þær aðgerðir og sá árangur sem hefur náðst í rekstri og starfsemi Dalabyggðar á undanförnum misserum og árum gerist ekki af sjálfu sér. Er sveitarstjórn og starfsfólki Dalabyggðar þakkað fyrir samstarfið í kringum allar þær aðgerðir sem farið hefur verið í sem og fyrir afar gott samstarf það sem af er kjörtímabilsins.

Búðardal 10. apríl 2025

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri